

Stutt lýsing á húsinu

Undirstöður hússins eru steinsteyptar. Burðargrind hússins er úr límtré sem festist við undirstöður með boltuðum festingum. Límtréslangbönd eru í þaki á milli aðalburðarramma. Lóðréttar límtrésstoðir koma í gafla og á milli þeirra og aðalramma í langveggjum eru lárétt límtréslangbönd.

Ofan á langbönd í þaki koma ST-240 steinullareiningar. Ytra stál steinullareininga er veðurkápa hússins og endanlegt yfirborð þaksins. Veggir klæðast með liggjandi SF-129 steinullareiningum. Innra stál steinullareininga er rakavörn hússins. Einangrun er fullnægjandi fyrir íbúðarhús. Milli íbúðar og bílskúrs kemur EI60 brunaveggur úr standandi SF-105 steinullareiningum.

Utaná veggeiningar koma liggjandi timburlektur með standandi ál-panelklæðningu. Skyggni við aðalinngang er klætt með sléttu áli.

Innri frágangur hússins

Frágangur innan við rakavörn hússins er **ekki innifalinn** en reiknað er með að útveggir séu klæddir með gips klæðingu innan á timburstoðir. Innveggir eru byggðir upp með blikkstoðum og gipsi milli herbergja. Loft geta bæði verið klædd með gipsi eða dúk og hægt er að vera með niðurtekin loft eða klætt á milli langbanda í þaki. Gólfefni, innréttingar og almennur frágangur að innan er ekki innifalinn og því nokkuð frjáls en þó háður því að uppfylla kröfur byggingarreglugerðar um efnisval.

Sökkklar hússins miðast við gólfhita og er hægt að velja milli þess að vera með ísteyptan gólfhita og að vera með gólfhitann í ílögn.

Innifalið í tilboði er eftirfarandi

- Límtrésburðarvirki fyrir húsið.
- Allar tilheyrandi stálfestingar þ.m.t. innsteyptar, vindstíingar, boltar og skrúfur.
- ST-240 steinullareiningar (litur/hvít) á þak. Sjá meðfylgjandi teikningu nr. ST62.
- SF-129 steinullareiningar (litur/hvít) liggjandi á útveggi. Sjá meðfylgjandi teikningu nr. SF44.
- SF-105 steinullareining (litur/hvít) standandi fyrir millivegg milli bílskúrs og íbúðar nr. SF34.
- Allir nauðsynlegir fylgihlutir fyrir uppsetn. steinullareininga, svo sem skrúfur, þéttlistar og þéttiefni.
- Áfellur til frágangs á steinullareiningum í mæni, á þakbrúnir og úthorn.
- Áfellur til frágangs á klæðningu á þakbrúnir og úthorn.
- Áfellur fyrir hurðir og glugga.
- Álpanel klæðning á útveggi hússins.
- Þakrennur og niðurföll. Litur: lagerlitur Límtré Vírnet ehf.
- Bílskúrshurð, 1 stk, (b x h) 2,7m x 2,3m með mótör. Gerð: Krispol.

- Gönguhurðir og gluggar úr ál-tré.
- Öll hönnun og teikningar fyrir ofangreinda efnisliði.
- Aðaluppdrættir og byggingaleyfisumsókn.
- Lagnahönnun.
- Burðarvirkis- og sökkulhönnun.
- Brunatæknileg hönnun.

Eftirfarandi atriði eru ekki innifalin í tilboði

- Milliveggir (aðrir en á milli bílskúrs og íbúðar).
- Klæðningar og rafmagnsgrind innan á útveggi og upp í loft.
- Innréttingar, gólfefni, raf og pípulagnir ásamt öðrum innanhúss frágangi.
- Efni í sökkla og plötu.
- Jarðvinna og frágangur lóðar.
- Sögun eininga sem eru styttri en 2,5 m, úrtaka vegna glugga, hurða og aðrar sneiðingar eininga.
- Flutningur.
- Uppsetning.